

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna skógræktar í Bakkaseli og Belgsá í Enjóskadal í Þingeyjarsveit.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2025/3



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Staðið á hæð á Belgsá og horft yfir Bakkasel, mynd er tekin í suð-vestur.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2025/3

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	33
HEIMILDASKRÁ.....	34

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu vegna skógræktar á jörðinni Bakkasel og hluta af jörðinni Belgsá í Fnjóskadal í Þingeyjarsveit. Skráningarsvæðið náði frá landamerkjum Bakka og Bakkasels í suður og aðeins inn fyrir landamerki Belgsá í norður. Í vestur voru mörkin Bakkaá og Fnjóská og í austur náðu mörkin upp að núverandi skógarjaðri. Ekki hafði farið nein skipulögð fornleifaskráning á jörðunum áður en búið var að taka saman allar skriflegar heimildir af menningarminjum á svæðinu ásamt fornleifaskráningu í tengslum við línulögn/jarðsteng í gegnum svæðið.

Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í seinni hluta ágúst og fram í miðjan september 2024 einnig í maí 2025.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 3409.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur

annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁵

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁶

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, niðurhalsgögn og loftmyndir frá Landmælingum Íslands. Til var skýrsla þar sem búið var að taka saman skriflegar heimildir um jarðirnar.⁷ Einnig hafði einn minjastaður verið skráður í tengslum við línulögn/jarðsteng í gegnum svæðið.⁸ Ásamt þessum upplýsingum var einnig haft samband við heimildarmann. Þegar öll þessi gögn höfðu verið yfirfarin var farið í vettvangskönnun þar sem gengið var um framkvæmdasvæðið. Minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með Trimble GEO7X gps tæki, ljósmyndaðar og mældar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með gervihnattamynd sem var sótt á vefsíðu Landmælinga Íslands.

4. Fornleifaskráning

Belgsá:

Fornleifanúmer: 3409-01

Hnit: A556474.0 N568229.2 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Túngarðurinn í kringum túnið á bænum Belgsá sést í kringum 14 m austan við veginn sem liggur að Bakkaseli um 200 m norð-vestan við girðingu sem liggur norðan við Belgsá.

Landamerkin milli jarðanna Belgsár og Bakkasels eru í ánni Belgsá.⁹ Túngarðurinn liggur í sveig utan um túnið fyrst í norð-austur en beygir svo í norður og síðar í norð-vestur áður en hann virðist fjara út skammt neðan við vegarslóða í brekkunni. Svæðið var ekki skoðað lengra í norður þar sem það var komið langt út fyrir framkvæmdasvæðið. Lítill hluti af túngarðinum liggur austan við bæjarstæðið 3409-03 í austur að hliði að núverandi girðingu.

Heildarlengd garðsins var um 515 m. Hæð hleðsla er um 0,4-1,5 m og breidd 0,8-1,2 m. Að mestu leyti er gróið yfir garðinn en víða var þó hægt að sjá grjóthleðslur í honum og í hluta af honum sjást einungis grjóthleðslur.

⁶ Heimasíða Minjastofnunar.

⁷ Guðrún, 2002, bls. 114-117.

⁸ Bjarni, 2018, bls. 87.

⁹ Landamerki Bakkasels í Hálshreppi.



Mynd 1. Túngarður í Belgsá, mynd er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3409-02

Hnit: A556783.5 N568530.7 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Belgsár segir: „Syðst á Neðrihjalla ofan við túnið heitir Kofahóll.“¹⁰ Örnefnið Kofahóll er afmarkað í Örnefnasjá Landmælinga Íslands í beinni stefnu við girðinguna milli Belgsár og Bakkasels áður en stefnubreyting er á henni um 500 m norð-vestur við veginn til Bakkasels.¹¹ Á þeim slóðum er nú þéttur skógarreitur og ekki var hægt að sjá neinar mannvirkjaleifar á staðnum.

Fornleifanúmer: 3409-03

Hnit: A556662.7 N568373.1 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Á túnakortinu frá 1918 var bæjarstæði Belgsár staðsett ofarlega í túninu um 250 m austan við veginn að Bakkaseli.¹² Búið er að slétta svæðið og einu ummerkin í túninu var að gróðurinn á staðnum var töluvert grænni en í nágrenninu.

Fornleifanúmer: 3409-04

Hnit: A556667.3 N568356.7 ISN93

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var kálgarður fast sunnan við bæjarhúsin á Belgsá¹³, eins og með bæjarhúsin var búið að slétta úr öllu á svæðinu, einu ummerkin var töluvert grænni gróður heldur en í nágrenninu.

¹⁰ Örnefnaskrá Belgsá, bls. 2.

¹¹ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

¹² Túnakort – Belgsá 1918.

¹³ Túnakort – Belgsá 1918.

Fornleifanúmer: 3409-05

Hnit: A556725.6 N568374.5 ISN93

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Í kringum 45 m austan við bæjastæðið á Belgsá nr. 3409-03 er lítið garðlag. Hæð garðsins var 0,1-0,3 m og breidd 0,3-0,4 m. Garðurinn liggur í norður um 36 en beygir svo í norð-vestur við girðinguna og liggur þar í 24 m áður en hann hverfur í gróðri. Miðað við umfang garðsins og stefnu breytingu á honum í núverandi girðingu þá er líklegt að girðing hafi verið í honum á einhverjum tímapunkti.



Mynd 2. Garðlag, mynd er tekin í norður.

Fornleifanúmer: 3409-06

Hnit: A556684.4 N568311.7 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Nálægt suð-austur horninu á túngarðinum nr. 3409-01 voru tóftir af litlu útihúsi.

Tóftin er hringlaga um 4X4 m og hæð hleðsla 0,2-0,5 m og breidd 0,1-1 m.



Mynd 3. Tóft af útihúsi upp við túngarðinn á Belgsá, mynd er tekin í suður.

Fornleifanúmer: 3409-07

Hnit: A556467.6 N568275.9 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakortinu frá 1918 var útihús í túninu í kringum 40 m austan við veginn að Bakkaseli.¹⁴

Búið er að slétta úr tóftunum og einu ummerkin í túninu er að á staðnum er grænni gróður en í nágrenninu.

Fornleifanúmer: 3409-08

Hnit: A556604.3 N568283.0 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Í kringum 150 m austan við veginn er túngarðurinn nr. 3409-01 rofinn en samkvæmt

túnakortinu frá 1918 var útihús einmitt á þeim slóðum.¹⁵ Svæðið er raskað og einu ummerkin eftir útihúsið er að svæðið er töluvert hærra og gróðurinn grænni en í nágrenninu.

Fornleifanúmer: 3409-09

Hnit: A556621.1 N568273.3 ISN93

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Suður frá garðlagi 3409-01 á sama stað og útihús nr. 3409-08 var á túnakortinu voru leifar af litlu garðlagi. Hæð hleðsla var 0,2-0,4 m og breidd 0,4-0,5 m og garðlagið var um 9 m á lengd.



Mynd 4. Garðlag, mynd er tekin í norð-austur.

¹⁴ Túnakort – Belgsá 1918.

¹⁵ Túnakort – Belgsá 1918.

Fornleifanúmer: 3409-10

Hnit: A556756.2 N568310.2 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í kringum 70 m austur af litlu tóftinni nr. 3409-06 var önnur nokkuð stærri tóft. Umfang tóftarinnar var um 9,5X6,5 m og útgangur á vestur hlið. Tvö hólf voru á tóftinni og innra hólfíð var 2X2,5 m án útgangs. Veggjahleðslur voru 0,3-0,7 m á hæð, hærri inn í tóft og breidd 1,2-1,5 m.



Mynd 5. Tóftir, mynd er tekin í suð-vestur.

Fornleifanúmer: 3409-11

Hnit: A556628.9 N568086.3 ISN93

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Í kringum 30 m fyrir ofan veginn að Bakkaseli í girðingarstæðinu milli Belgsár og Bakkasels er garður í kringum 34 m að lengd, um 13 m suð-austan við garðinn virðist vera annar hluti af garði um 11 m langur í sömu stefnu. Austan við girðinguna er afgirt hestahólf og nyrst í henni eru leifarnar af garðinum, liggur hann í norð-vestur yfir girðinguna áður en hann virðist fjara út. Ekki var hægt að sjá hvort hann nái lengra í vestur vegna mikils gróðurfars fyrir vestan girðinguna. Garðurinn var um 0,1-0,3 m á hæð og 1,3 m á breidd.



Mynd 6. Garðlag í Belgsá, mynd er tekin í norð-vestur.

Fornleifanúmer: 3409-12

Hnit: A556949.6 N568477.7 ISN93

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn

Í kringum 290 m norð-austur frá bæjarstæðinu á Belgsá nr. 3409-03 upp á melhól er einhvers konar steinhleðsla. Í norður er regluleg einföld steinhleðsla 0,1-0,15 m á hæð og breidd um 0,2-0,25 m og í suður er önnur minni hleðsla um 0,05-0,1 m á hæð og breidd 0,1-0,15 m. Á milli hleðslanna er gróinn hringlaga hóll um 0,1-0,2 m á hæð í annars gróðurlausu svæði. Líklega hefur þetta verið einhverskonar skýli. Steinhleðslurnar eru of reglulegar til að geta verið náttúrulegar.



Mynd 7. Steinhleðslur, mynd er tekin í norð-austur.

Fornleifanúmer: 3409-13

Hnit: A556674.9 N568077.0 ISN93

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Vörðubrot er um 60 m fyrir ofan veginn að Bakkaseli skammt norðan við árfarveginn eða um 65 m austan við girðinguna sem er á milli Belgsár og Bakkasels. Varðan er um 1 m í þvermál og hæð 0,1-0,5 m.



Mynd 8. Vörðubrot, myndin er tekin í suð-vestur.

Fornleifanúmer: 3409-14

Hnit: A556560.6 N567932.5 ISN93

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Í Örnefnaskrá Belgsár segir: „Veita er engjapartur sunnan og austann við Höfðann, áfastur við túnið. Undirmór er þar neðan við og nær suður að merkjum.¹⁶ Örnefnið Undirmór er afmarkað í Örnefnasjá Landmælinga Íslands vestan við túnið á Belgsá og nær aðeins suður fyrir núverandi girðingu.¹⁷ Ekki var hægt að sjá nein ummerki um mótekju á skógræktarsvæðinu.

Fornleifanúmer: 3409-15

Hnit: A556662.0 N567998.5 ISN93

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Alveg frá Fnjóská um 24 m austan við girðinguna milli Belgsár og Bakkasels er hægt að sjá reglulegar einfaldar steinhleðslur, liggja þær í norð-austur upp að veginum og einnig fyrir ofan hann. Hleðslur þessar eru um 0,15-0,4 m á hæð og breidd 0,2-0,6 m. Líklega eru þetta undirhleðslur undir girðingu. Í sömu línu og steinhleðslan um 42 m norð-austan við veginn er steypuklumpur 0,3 m á hæð um 1,3X0,3 m með steypujárni í og skammt þar fyrir ofan annar steypuklumpur um 0,5 m á hæð og um 0,35X0,35 m. Frá honum liggur steinhleðsla í suð-austur um 2,4 m. Í kringum 18 m norður af efri steypuklumpinum er svo önnur steinhleðsla sem liggur í norður. Samtals eru þessar steinhleðslur um 197 m á lengd þær eru þó víða rofnar

¹⁶ Örnefnaskrá Belgsá, bls. 2.

¹⁷ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

á leiðinni. Samkvæmt heimildarmanni eru þetta leifar af gamalli girðingu og steypuleifarnar úr hliði.¹⁸



Mynd 9. Steinhleðslur, mynd er tekin í suð-vestur.

Bakkasel:

Fornleifanúmer: 3409-16

Hnit: A556696.3 N567883.3 ISN93

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Í Örnefnaskrá Bakkasels segir: „Merkin móti Belgsá eru Belgsárdalir, eða Belgsá í Belgsárdal; svo er það miðfarvegur hennar, er niður dregur til jafnsléttunnar. Þaðan um vörðu utan til á svonefndu Réttarholti og í Fnjóská.“¹⁹ Réttarholt er afmarkað í Örnefnasjá Landmælinga Íslands skammt vestan við Belgsá.²⁰ Grjótmelur þar sem nokkur efnistaka hefur átt sér stað í norð-vestur hluta melsins og varða stendur í austasta hluta melsins. Engin ummerki eru á svæðinu um rétt og heimildarmaður vissi ekki til að þarna hafi verið rétt.²¹ Í kringum 120 m í vestur við það svæði sem efnistakan hefur verið í Réttarholti upp við núverandi girðingu milli Belgsá og Bakkasels er lítil rétt. Sú rétt er þó mjög nýleg og engar líkur að á örnefnið eigi við hana.

Fornleifanúmer: 3409-17

Hnit: A556753.8 N567823.4 ISN93

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Í Örnefnaskrá Bakkasels segir: „Merkin móti Belgsá eru Belgsárdalir, eða Belgsá í Belgsárdal; svo er það miðfarvegur hennar, er niður dregur til jafnsléttunnar. Þaðan um vörðu

¹⁸ Hermann Róbert Herbertsson, munnleg heimild.

¹⁹ Örnefnaskrá Bakkasels, bls. 1.

²⁰ Landmælingar Íslands Örnefnasjá

²¹ Hermann Róbert Herbertsson, munnleg heimild.

utan til á svonefndu Réttarholti og í Fnjóská.²² Réttarholt er afmarkað í Örnefnasjá Landmælinga Íslands skammt vestan við Belgsá.²³ Grjótmelur þar sem nokkur efnistaka hefur átt sér stað í norð-vestur hluta melsins. Varða stendur í austasta hluta melsins, mjög greinileg og er um 0,1-0,8 m á hæð og þvermál hennar um 2 m. Varðan var áður skráð í tengslum við loftlínu eða jarðstreng frá Hólasandi að Akureyri.²⁴ Í landamerkjabréfi Bakkasels er einnig fjallað um landamerkjavörðu í Réttarholti en þar segir: „...og að neðan Belgsá á Belgsárdal og miðfarvegur hennar, og stefna úr honum í vörðu utarlega á Réttarholti og þaðan til Fnjóskár.“²⁵ Lýsingar í örnefna og landamerkjabréfi nefna þó að varðan sé utan til eða utarlega en varðan sem stendur núna er innarlega á Réttarholti. Ekki er vitað hvort þetta sé landamerkjavarðan eða hún hafi verið utar og verið eyðilögð við efnistöku úr melnum.



Mynd 10. Varða á Réttarholti, mynd er tekin í suð-austur.

Fornleifanúmer: 3409-18

Hnit: A557327.2 N567341.1 ISN93

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóftir

Í Örnefnaskrá Bakkasels segir: „Bakkaselsstekkur er syðst og efst í nesinu. Stekkjarhöfði heitir höfðinn upp frá Stekknum.“²⁶ Bakkaselsstekkur er um 50 m vestur af Stekkjarhöfða. Umfangið á stekknunum er um 16X5,5 m, hæð hleðsla eru 0,3-0,7 m hæstar í austur en lægstar í vestur þar sem inngangurinn er. Í innganginum og vestur vegg sjást grjóthleðslur en annars er gróið yfir stekkin. Hann skiptist í tvö hólfi, innra hólfið 4X2 m án útgangs. En Stærra hólfið er 8,5X3,5 m með útgang til suð-vesturs.

²² Örnefnaskrá Bakkasels, bls. 1.

²³ Landmælingar Íslands Örnefnasjá

²⁴ Bjarni, 2018, bls. 87.

²⁵ Landamerki Bakkasels í Hálshreppi.

²⁶ Örnefnaskrá Bakkasels Bjarni Benediktsson bls. 1.



Mynd 11. Bakkaselsstekkur, mynd er tekin í norð-austur.

Fornleifanúmer: 3409-19

Hnit: A557340.6 N567160.3 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóftir

Sunnan við Stekkjarhöfða skammt austur af Skíðabrekkum²⁷ er lítil tóft þakinn gróðri. Tóftin er um 6X6,3 m með einu hólfi, hæð veggjahleðsla var 0,2-0,4 m og breidd 1,2-1,5 m. Ekki er sjáanlegur útgangur á tóftinni en suðurhliðin var að miklu leyti þakinn trjágróðri og því erfitt að átta sig á gerð tóftarinnar.



Mynd 12. Tóft þakinn gróðri, mynd er tekin í suð-austur.

²⁷ Hermann Róbert Herbertsson, munnleg heimild.

Fornleifanúmer: 3409-20

Hnit: A557442.5 N567197.1 ISN93

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Í Örnefnaskrá Bakkasels segir: „Sjónarhóll sunnan og neðan við Stekkjarhöfða.“²⁸ Sjónarhóll er afmarkaður í Örnefnasjá Landmælinga Íslands um 100 m austur af tóft nr. 3409-19.²⁹

Sjónarhóll er aflangur malarhóll og efst á honum eru vörðuleifar um 0,1-0,15 m á hæð og þvermál vörðunnar um 1 m. Þrátt fyrir að ekki sé mikið eftir að vörðunni þá sést greinilega gróinn blettur með steinahrúgu sem er töluvert stærri en þeir steinar sem eru í nágrenninu.



Mynd 13. Vörðuleifar á Sjónarhól, mynd er tekin í suð-austur.

Fornleifanúmer: 3409-21

Hnit: A557491.8 N567114.0 ISN93

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Á endanum á Sjónarhóli suð-austan við vörðuna nr. 3409-20 eru leifar af annarri vörðu.

Varðan er um 0,05-0,2 m á hæð og umfang vörðunnar 0,7X1 m. Eins og fyrri varðan á Sjónarhóli þá var hún á grónum bletti með töluvert stærri steinum heldur en eru í nágrenninu.

²⁸ Örnefnaskrá Bakkasels Bjarni Benediktsson bls. 1.

²⁹ Landmælingar Íslands Örnefnasjá



Mynd 14. Vörðuleifar á hól, mynd er tekin í suð-austur.

Fornleifanúmer: 3409-22

Hnit: A557713.2 N566781.8 ISN93

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Á Stórhól sem er afmarkaður á Örnefnasjá Landmælinga Íslands um 500 m suð-austur af Sjónarhóli.³⁰ eru vörðuleifar. Varðan er 0,05-0,15 m á hæð og 2 m að þvermáli. Eins og á fyrri vörðum þá voru töluvert stærri steinar á toppnum á hólnum en í nágrenninu í kring og gróinn blettur umhverfis vörðuna.



Mynd 15. Vörðuleifar á Stórhól, mynd er tekin í suð-austur.

³⁰ Landmælingar Íslands Örnefnasjá

Fornleifanúmer: 3409-23

Hnit: A557389.3 N566542.3 ISN93

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Í kringum 240 m norð-vestur frá túngarðinum nr. 3490-29 aðeins lengra norð-vestur en Ærhúsmelur skammt frá brekkukubruninni sem liggur niður að Fnjóská eru vörðuleifar. Varðan er 0,05-0,2 m á hæð og 1 m að þvermáli.



Mynd 16. Garðlag, Vörðuleifar, mynd er tekin í suð-austur.

Fornleifanúmer: 3409-24

Hnit: A557431.9 N566470.8 ISN93

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Í kringum 160 m norð-vestur frá túngarðinum 3490-29 aðeins lengra í norð-vestur en Ærhúsmelur voru vörðuleifar. Varðan var um 0,05-0,25 m á hæð og 1 m að þvermáli.



Mynd 17. Garðlag, Vörðuleifar, mynd er tekin í suð-austur

Fornleifanúmer: 3409-25

Hnit: A557850.9 N566596.2 ISN93

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Í Örnefnaskrá Bakkasels segir: „Austan við Skíðabrekkur er allstórt landsvæði, er nefnist Bakkaselskatlar. Þar eru þessi örnefni: Stórhóll- Stóriketill – Græniketill Græniflötur austan undir Grænakatli – Djúpiketill. Sigurðarstekkur – Sigurðarketill - Litliketill syðst og vestast.“³¹ Í Örnefnaskrá Bakkasels segir: „Austan við Skíðabrekkur er allstórt landsvæði, sem heitir Bakkaselskatlar. Það er upp af röndinni við Skíðabrekkurnar. Efst í Kötlunum er Stóriketill, og suður af honum er Stórhóll. Ofan við Stóraketil er Djúpiketill, en Djúpiketill er sunnan við Grænaflöt. Hjá honum eða vestan hans er Græniketill. Austan við Djúpaketil er Sigurðarketill, og í honum er Sigurðarstekkur.“³² Í Örnefnasjá Landmælinga Íslands er búið að merkja inn Sigurðarketil í kringum 230 m norð-austur af veginum ofan við bæjartúnið á Bakkaseli. Þrátt fyrir mikla leit á staðnum og einnig á loftmyndum þá sást ekki neitt á staðnum sem gæti hafa verið Sigurðarstekkur. Stór hluti af katlinum er vaxinn lágvöxnum gróðri og ætti því að vera nokkuð þægilegt að finna mannvistarleifar þar. Líklega hefur hann verið í suð-austur hluta af Sigurðarkatli, þar er mikið kjarr og eitthvað rót sem hugsanlega gætu verið mannvistaleifar.

Fornleifanúmer: 3409-26

Hnit: A557696.2 N566397.9 ISN93

Hlutverk: Vatnsveita

Tegund: Niðurgröftur

Fyrir ofan og neðan veginn við bæjartúnið á Bakkaseli eru leifar af skurði. Neðan við veginn liggur hann í um 34 m í suð-vestur og virðist liggja í gegnum túngarðinn nr. 3409-29 og fara í nokkurs konar tjörn, dýptin á skurðunum er 0,2-0,3 m og breidd 0,1-0,2 m. Breidd á uppmokstri 0,3-0,4 m. Hann virðist svo halda áfram niðureftir um 83 m og fara í gegnum tóft nr. 3409-34, hann er þó ekki jafn sýnilegur á þessum kafla eins og hann er í kringum veginn og lítur meira út eins og leifar af garði. Fyrir ofan veg er hann mjög greinilegur á um 12 m kafla og svo virðist hann fjara út en er svo aftur nokkuð greinilegur aðeins ofar á um 70 m kafla áður en hann fjarar út. Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Vatnsból bregst stundum á heimajörðunni, og er þá er(f)iður vatnsvegur í kíl einn þar fyrir neðan, so eru og erfiðar brynningar í Bakkaá frá Skíðagerði.“³³ Á staðnum var áður bær sem hét Skíðagerði³⁴ ef til vill var þetta lausn ábúanda við erfiðleika við brynningar frá Bakkaá að veita vatninu ofan frá niður í heimatúnið.

³¹ Örnefnaskrá Bakksel Bjarni Benediktsson bls. 1.

³² Örnefnaskrá Bakkasels, bls. 2.

³³ Árni og Páll, bls. 88.

³⁴ Örnefnaskrá Bakkasels, bls. 1.



Mynd 18. Skurður, mynd er tekin í suð-vestur.

Fornleifanúmer: 3409-27

Hnit: A557750.9 N566456.9 ISN93

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Í kringum 5 m fyrir ofan veginn fyrir ofan bæjartúnið á Bakkaseli er garðlag. Garðlagið virðist liggja í um 116 m í norð-austur. Hæðin á garðinum er 0,1-0,3 m og breidd 1,7-2,2 m þar sem hann er einna skýrastur. Í fyrstu liggur hann í kjarri en svo er hann mjög sýnilegur á um 25 m kafla eins og sést á mynd 19. Töluvert ofar í Sigurðarkatla virðist vera nokkurs konar upphækkun hvort það er náttúruleg hæð í landinu eða nokkurs konar garður grafinn í brekkuna er erfitt að átta sig á, hæð eitthvað í kringum 0,3-0,5 m og um 64 m langt. Þessi upphækkun eða garður er í svipaðri stefnu og garðlagið fyrir neðan og liggur þá skammt fyrir ofan þar sem líklegt er að Sigurðarstekkur nr. 3409-25 hafi verið. Heimildarmaður taldi líka að hann hefði séð garð þarna.³⁵



Mynd 19. Garður, mynd er tekin í norð-austur.

³⁵ Hermann Róbert Herbertsson, munnleg heimild.

Fornleifanúmer: 3409-28

Hnit: A557761.8 N566336.5 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Umhverfis túnið á Bakkaseli virðast vera tvær tegundir af túngörðum. Fyrri er töluvert breiðari og umfangsmeiri og líklega nokkuð eldri. Hann sést austan við túnið fast austan við veg sem liggur í gegnum Bakkasel að brúnni yfir Bakkaá. Túngarðurinn liggur í sveig frá veginum og aftur að honum á um 54 m kafla, svo sést hann aftur vestan við veginn um 59 m áfram í sveig. Svo kemur smá skarð í hann og svo liggur hann svo áfram í 17 m þangað til að hann nær að öðru garðlagi nr. 3409-41. Á þessum hluta er garðurinn um 0,4-0,5 m á hæð og breidd 1,2-1,5 m. Víða er erfitt að sjá hann vegna þess að hann er hulin kjarri.

Vestan við túnið er líklega líka hluti af þessum garði en þar er hann 0,2-0,3 m á hæð og breidd 1,4-1,5 m. Það virðist þó einhverskonar skurður vera við hliðina á garðinum en fast vestan við garðinn er töluvert lægra en austan við hann, munar eitthvað um 0,2-0,3 m.



Mynd 20. Túngarður, mynd er tekin í suð-austur.

Fornleifanúmer: 3409-29

Hnit: A557620.7 N566418.7 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Seinni túngarðurinn er líklega töluvert yngri og mikið reglulegri. Heimildarmaður hélt jafnvel að þarna hafi verið girðing og þetta hafi verið undirhleðslur undir girðingu.³⁶ Mjög líklega er það rétt því hann samanstendur af frekar einföldum steinhleðslum hæð 0,05-0,3 m og breidd 0,2-0,4 m. Hann sést í vestur, norður og austur að vísu rofinn á nokkrum stöðum en er um samanlagt um 345 m.

³⁶ Hermann Róbert Herbertsson, munnleg heimild.



Mynd 21. Túngarður, mynd er tekin í norð-austur.

Fornleifanúmer: 3409-30

Hnit: A557653.3 N566423.7 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóftir

Skammt norðan við túngarðinn nr. 3409-29 um 2 m sunnan við veginn er tvískipt tóft með útganga úr báðum hólfum, úr öðru hólfinu er útgangur til austurs en hinu til suðurs. Umfang tóftarinnar er um 10X6 m, hæð veggja 0,4-0,6 m og breidd 1-1,2 m. Tóftin var hulinn gróðri og erfitt að mæla hana upp. Í Örnefnaskrá Bakkasels segir: „Hornhúshóll, hann er norðaustan við túnið.“³⁷ Búið er að afmarka Hornhúshól í Örnefnasjá Landmælinga Íslands um 80 m norð-austan við tóftina³⁸ ef til vill hefur þetta verið Hornhús þar sem engar byggingaleifar eru sjáanlegar á hólnum og tóft þessi er ekki langt frá því að vera á horninu á túngarðinum.



Mynd 22. Tóft, mynd er tekin í suð-vestur.

³⁷ Örnefnaskrá Bakkasels Bjarni Benediktsson bls. 1.

³⁸ Landmælingar Íslands Örnefnasjá.

Fornleifanúmer: 3409-31

Hnit: A557731.5 N566375.0 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóftir

Í norð-austur hluta túnsins fast við veginn og sitthvoru megin við túngarðinn nr. 3409-29 eru mjög ógreinilegar tóftir. Norðan við túngarðinn eru tvær tóftir sem liggja þétt við hvor aðra. Sú vestari og stærri er um 11X5,5 m með þrjú rými, hæð veggja 0,4-0,5 m og breidd 1,4-2 m. Sú austari er um 6X5,5 m og eitt rými án útgangs. Hæð veggja 0,4-0,5 m og breidd 1,4-2 m. Í Örnefnaskrá Bakkasels segir: „Hornhúshóll, hann er norðaustan við túnið. Sauðhúsmelur heitir sunnan Hornhúshóls.“³⁹ Sauðhúsmelur hefur verið afmarkaður í Örnefnasjá Landmælinga Íslands utan við túnið austan við tóft þessa á uppblásnum mel ef til vill vísar örnefnið til þessara mannvirkja þar sem engar mannvirkjaleifar eru á melnum eða sjást á loftmynd frá 1954.⁴⁰



Mynd 23. Tóftir, mynd er tekin í norð-vestur.

Fornleifanúmer: 3409-32

Hnit: A557721.2 N566367.1 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóftir

Skammt sunnan við tóft nr. 3409-31 sunnan við túngarðinn 3409-29 er önnur minni tóft um 4,4X4,5 m, hæð veggja 0,3-0,4 m og breidd 0,8-1 m. Ekki sést neinn útgangur á henni. Ef til vill hefur hún verið tengd tóft nr. 3409-31 og túngarðurinn nr. 3409-29 klofið þær í sundur þar sem hann er líklega töluvert yngri en tóftirnar.


³⁹ Örnefnaskrá Bakkasels Bjarni Benediktsson bls. 1.

⁴⁰ Landmælingar Íslands – Loftmyndasafn 1954.



Mynd 24. Tóft, mynd er tekin í suð-austur.

Í lýsingu Þingeyjarsýslu segir: Milli þessara bæja er mikil snjóflóðahætta á vetrum, og báðir eru bæirnir settir á hæðir við ána vegna háskans af snjóflóðahættum. Þetta var rýrðarkot, lítið engi og lítið tún, og stundum í eyði.⁴¹ Jörðin fór í eyði 1904 og byggðin stóð ekki nema í tæplega 200 ár.⁴² Á túnakorti af Bakkaseli frá 1918 voru þrjár byggingar merktar inn og voru þær allar skráðar sem útihús.⁴³ Heimildarmaður kom með þá kenningu að miðbyggingin hefði verið bæjarhús og þess vegna hefði vatni verið veitt í gegnum hana.⁴⁴ Til eru loftmyndir af svæðinu alveg frá 1954⁴⁵ og á þeim er hægt að sjá nokkuð greinilegar tvær byggingar og þriðja lengst til austurs áberandi óskýr miðað við hinar tvær. Staðsetning þessara bygginga er í samræmi við teikningarnar á túnakortinu.



Mynd 25. Bakkasel 1983 Landmælingar Íslands.⁴⁶

⁴¹ Jón Sigurðsson, 1954, bls. 157.

⁴² Jón Sigurðsson, 1954, bls. 157.

⁴³ Túnakort – Bakkasel 1918.

⁴⁴ Hermann Róbert Herbertsson, munnleg heimild.

⁴⁵ Landmælingar Íslands – Loftmyndasafn 1954.

⁴⁶ Landmælingar Íslands – Loftmyndasjá.

Fornleifanúmer: 3409-33

Hnit: A557597.9 N566375.1 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóftir

Tóftin (mynd 25 nr. 1) sem var lengst til vesturs á túnakortinu virðist vera best varðveitt. Hún er tvískipt og umfang hennar er 16X8,5 m og með útgang til suðurs. Minna hólfið til norðurs er 2,4X3 m, ekki sást neinn útgangur á því. Í miðjunni á stærra hólfinu voru líklega leifar af jötu sem lá í sömu og stefnu og útveggirnir. Hæð veggjahleðsla var 0,7-1,4 m og breidd 1,4-2 m. Tóftin var á kafi í grasi sem olli töluverðum vandræðum við uppmælingu.

Í Örnefnaskrá Bakkasels segir: „Norðaustan við túnið er holl, sem heitir Hornhúshóll. Þar litlu sunnar er Sauðhúsmelur, og Ærhúsmelur er utan og neðan við túnið.“⁴⁷

Í Örnefnasjá Landmælinga Íslands er búið að afmarka örnefnið Ærhúsmelur norð-vestan við túnið í uppblásnum mel. Þar eru engar mannvirkjaleifar og bendir örnefnið líklega til þessara bygginga.



Mynd 26. Útihúsa tóftir, mynd er tekin í norð-austur.

Fornleifanúmer: 3409-34

Hnit: A557637.5 N566364.5 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóftir

Útihúsið (mynd 25 nr. 2) í miðjunni á túnakortinu var á kafi í grasi og erfitt að mæla hana upp. Umfang tóftarinnar er 10,5X13 m. Á suður hlið er útgangur sem leiðir inn í stærra rými en þar sem rústin er á kafi í gróðri þá var ekki hægt að sjá almennilega innri skipan. Á Norður hliðinni er minna rými sem er með útgang í norður. Hæð veggja í tóft var frá 0,2-1,4 m, breidd 1,2-1,6 m.

⁴⁷ Örnefnaskrá Bakkasels, bls. 3.



Mynd 27. Útihúsa tóftir, mynd er tekin í suð-vestur.

Fornleifanúmer: 3409-35

Hnit: A557659.7 N566341.7 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóftir

Þriðja tóftin (mynd 25 nr. 3) samkvæmt túnakortinu er upp á hól á svæðinu um 20 m suð-austur af tóft nr. 3409-34. Hóllinn var þakinn háu grasi og þrátt fyrir að greinilegar mannvistarleifar væru á staðnum þá var aðeins hægt að greina tvö rými. Fyrri hólfið var um 5X4,5 m og með útgang á suður hlið. Hæð veggja um 0,8-1,2 m og breidd 0,9-1,4 m.

Seinna hólfið var frekar eins og niðurgroftur í hólinn en þó var hægt að sjá steinhleðslur neðst í austur vegg. Hæð veggja 0,6-1,1 m og breidd 0,5-1,1 m. Líklega eru þessi tvö rými hluti af stærri byggingu en það var engan veginn að hægt að sjá á staðnum hvernig þær tengjast og mjög líklega eru fleiri mannvirki þarna sem sáust ekki fyrir gróðri. Á loftmynd frá 1954 er hægt að sjá að á þeim tíma er tóftirnar orðnar mjög ógreinilegar.⁴⁸



Mynd 28. Útihúsa tóftir, mynd er tekin í suð-austur.

⁴⁸ Landmælingar Íslands – Loftmyndasafn 1954.

Fornleifanúmer: 3409-36

Hnit: A557589.6 N566364.6 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Í kringum 4 m fyrir neðan tóft nr. 3409-33 virtist vera garðlag sem liggur um 17 m í sömu stefnu og tóftin. Hæðin er um 0,1-0,2 m og breidd 1,3-1,4 m. Það er líka hugsanlegt að þetta hafi verið skurður en þessi hleðsla er ekki ólík neðsta hluta skurðs nr. 3409-26.



Mynd 29. Garðlag/skurður, myndin er tekin í suð-vestur.

Fornleifanúmer: 3409-37

Hnit: A557624.8 N566361.8 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Fyrir sunnan tóft nr. 3409-34 er einhverskona mannvirki en erfitt að átta sig á því þar sem það er á kafi í grasi. Umfangið á tóftinni er um 9X6 m og útgangur á suð-austur horni. Hæð tóftar er um 0,6 m og breidd 0,5-0,9 m.



Mynd 30. Útihúsa tóftir, mynd er tekin í norð-austur.

Fornleifanúmer: 3409-38

Hnit: A557686.8 N566357.0 ISN93

Hlutverk: Vatnsveita

Tegund: Niðurgröftur

Í kringum 7 m norðan við tóft nr. 3409-35 er skurður sem liggur austur-vestur. Lengdin á skurðinum er um 39 m. Dýptin á honum er um 0,2-0,3 m, skurðurinn sjálfur er um 0,2-0,3 m á breidd en uppmoksturinn alveg frá 0,3- 1,4 m.



Mynd 31. Skurður, mynd er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3409-39

Hnit: A557718.1 N566351.8 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í norð-austur hluta á túni má sjá tóft sem er ekki hulinn gróðri eins og flestar aðrar á staðnum. Umfang tóftarinnar er um 7X5 m og er útgangur á suð-vestur hlið. Hæð tófar er 0,3-0,6 m og breidd veggja 0,5-1,3 m.



Mynd 32. Útihúsa tóftir, mynd er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3409-40

Hnit: A557718.2 N566343.4 ISN93

Hlutverk: Vatnsveita

Tegund: Niðurgröftur

Í kringum 6 m fyrir sunnan tóft nr. 3409-39 er skurður sem liggur austur-vestur dýpt er um 0,1-0,4 m og skurðurinn sjálfur er um 0,7 m á breidd. Skurðurinn liggur um 53 m austur-vestur rofnar svo við vegarslóða sem liggur að brúnni yfir Bakkaá. Hann sést svo aftur austan við vegarslóðann upp við brekkubrún og virðist þá brekkan þá vera norður hluti skurðsins þar sem uppmokstur sést aðeins í syðri-hlutanum en þar liggur hann eina 43 m meðfram brekkunni. Það liggur líka kvísl úr skurðinum í suður í gegnum vegg nr. 3409-41, þar er skurðurinn einungis sýnilegur sem niðurgröftur 0,1-0,3 m djúpur.



Mynd 33. Skurður, mynd er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3409-41

Hnit: A557711.3 N566332.5 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Austan við hólinn þar sem tóft nr. 3409-35 er staðsett er garðlag. Garðlagið virðist liggja í hálfhring frá norður hluta hólsins að suður hluta hólsins í kringum 175 m. Garðlagið er 0,2-0,5 m á hæð og breidd 1,4-1,7 m.



Mynd 34. Garðlag, mynd er tekin í suð-austur.

Fornleifanúmer: 3409-42

Hnit: A557710.6 N566321.5 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Innan garðlags nr. 3409-41 í Bakkaselstúni er tóft upp á hól. Tóftin er tvískipt og er umfang hennar um 9X9 m. Hólfið í norður er með útgang til vesturs en ekki sést neinn útgangur á syðra hólfinu. Tóftin er hlaupin í þúfur en hæð hleðsla er um 0,6-0,7 m og breidd 1,5-1,6 m.



Mynd 35. Tvískipt tóft, mynd er tekin í suð-austur.

Fornleifanúmer: 3409-43

Hnit: A557702.9 N566277.4 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Niðurgroftur

Þétt upp við og innan garðlags 3409-41 eru tvö hól sem virtust frekar vera niðurgrafinn heldur en hlaðinn. Ekki sást neinar hleðsluleifar og brúnn á hólfunum var jafnhá og umhverfið í kring. Stærri og syðri hólfið var 3,3X2,5 m og 0,3-0,6 m á dýpt en minna hólfið var 2,6X2,1 m og dýpt 0,3-0,4 m.



Mynd 36. Niðurgrafinn hólf, mynd er tekin í suð-vestur.

Fornleifanúmer: 3409-44


Hnit: A557709.4 N566253.5 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Neðan við túngarðinn nr. 3409-28 í brekkunni niður að Bakkaá eru leifar af grjótgardi.

Ummerki um garðinn sjást ágætlega á loftmyndum þrátt fyrir að hann sé að mestu leyti hruninn.⁴⁹ Garðurinn er um 6 m á lengd, hæð 0,1-0,8 m, hæstur í stórum steini og breidd 0,8-0,9 m.



Mynd 37. Leifar í grjótgardi sem hefur náð niður að Bakkaá, mynd er tekin suður.

⁴⁹ Loftmyndir ehf – MAP.IS.

Fornleifanúmer: 3409-45

Hnit: A557733.5 N566305.7 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Skammt vestan við austurhluta af garðlagi nr. 3409-28 er garðlag sem liggur um 37 m í norð-vestur en beygir svo í norð-austur og liggur þá í um 32 m. Hæðin á garðlaginu er um 0,2-0,3 m og breidd 0,7-1,2 m. Hann er orðinn mjög útflattur og er að hverfa undir kjarr.



Mynd 38. Túngarður, mynd er tekin í suð-austur.

Fornleifanúmer: 3409-46

Hnit: A558123.4 N566207.2 ISN93

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Á hól um 30 m sunnan við veginn um 370 m austan við bæjartúnið á Bakkaseli eru steinhleðslur. Annars vegar steinhleðsla um 3 m löng þar sem litlum steinum er raðað í röð, hæð hleðsla 0,05-0,2 m og breidd 0,5-0,6 m. Þar skammt frá eru líklega leifar af vörðu, gróin þúfa og frekar litlir steinar í kring eins og þeim hafi verið safnað þarna saman því engar aðrar hrúgur eru sambærilegar í nágrenninu. Varða þessi er 1,2 m að þvermáli og hæð 0,1-0,3 m.



Mynd 39. Einföld steinhleðsla og hugsanlega vörðuleifar mynd er tekin í suður.

Fornleifanúmer: 3409-47

Hnit: A558106.9 N566158.7 ISN93

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Á hól í kringum 50 m suð-vestan við nr. 3409-46 eru vörðuleifar, þvermál hennar er um 2 m og hæð hleðsla 0,1-0,5 m.



Mynd 40. Vörðuleifar, mynd er tekin í suður.

Fornleifanúmer: 3409-48

Hnit: A558407.6 N565921.0 ISN93

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Hryggur

Í landamerkjabréfi Bakkasels segir: „Að austan mitt fjallið, að sunnan Fossgil í fjalli og á flatlendi grjótgarður, sem liggur lítið norðan en beint niður undan gílinu, og þaðan beint til Bakka ár, að vestan Bakka á og Fnjóská, og að neðan Belgsá á Belgsárdal og miðfarvegur hennar, og stefna úr honum í vörðu utarlega á Réttarholti og þaðan til Fnjóskár.“⁵⁰ Í landamerkjabréfi Bakka segir: „... að norðan eru merkin Fossgil í fjalli, og á flatlendi grjótgarður eða hryggur, sem er lítið norðar en beint niður frá gílinu, og frá honum beina þverstefnu til Bakkaár, liggur að norðan Bakkaselsland.“⁵¹


Skammt norður af Fossgili bæði ofan og neðan vegar er hryggur eða náttúrulegur grjótgarður. Hæð garðsins er um 0,4-0,6 m og breidd 7,9-9,5 m. Lengd garðsins er um 36 m ofan vegar og neðan vegar um 11 m. Það er að mestu gróið yfir hann en töluvert af grjóti efst á honum en ekkert af því virðist af mannavöldum. Hann er nokkuð beinn og hefur því verið kjörið kennileiti fyrir landamerki.

⁵⁰ Landamerki Bakkasels í Hálshreppi.

⁵¹ Landamerki Bakka í Hálshreppi.



Mynd 41. Hryggur eða grjótgarður, mynd er tekin í norð-austur.



Nafn	BELGSÁ - BAKKASEL	Dags.	31.03.2025 hj	Skýringar:	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is		
	ÞINGEYJARSVEIT	Mælikv.	1:8000 í A3		Afmörkun skógræktarsvæðis í landi Belgsár og Bakkasels, fornleifar og heimildir um fornleifar innan svæðis.	Unnið eftir mynd nr. Myndkort, Ísland frá Landmælingar Íslands	

5. Samantekt

Í þessari skýrslu voru teknir saman 48 minjastaðir og af þeim eru aðeins átta skráðir sem heimildir. Af þessum stöðum eru lang flestir í eða við Bakkasels túnið sem mikilvægt er að vernda fyrir skógrækt vegna fjölda minjastaða. Víða gekk erfiðlega að mæla upp minjarnar eða átta sig á innri skipan vegna mikil gróðurfars á staðnum.

Á Belgsá voru átta minjastaðir skráðir sem voru utan 15 m frá framkvæmdasvæði var það að ósk Skógræktarinnar sem vildu hafa staðsetningu á gamla bæjarstæðinu á Belgsá kortlagða.

Voru þá í leiðinni nokkrir minjastaðir skráðir þar sem fundust við vettvangskonun eða heimildir voru til um í nágrenninu án þess að skipulögð skráning hafi farið þar fram.

Mikið virtist vera af skurðum í og við Bakkaselstúnið og skýringin líklega hve illa gekk að nálgast vatn til brynninga. Bakkasel er sagt hafa verið rýrðarkot, tjón hafi orðið vegna snjóflóða og byggð hafi einungis verið þarna í tæp 200 ár.

Í örnefnaskrá segir frá skemmdum á skóginum vegna kolagjörðar en það svæði var nokkuð ofar en framkvæmdasvæðið.⁵² Ekki sást kolagrafir á því svæði sem var skoðað en gróðurinn hefur breytt úr sér mikið á síðustu áratugum og hulið svæði sem áður voru vel sýnileg. Líklegt er að kolagerðin hafi farið fram ofar í skóginum en núverandi framkvæmdasvæði sem nær aðeins að skógarjaðrinum.

Það er ágætt að hafa í huga að alltaf er möguleiki á að fleiri minjar leynist á svæðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 31 mars 2025
Hákon Jensson

⁵² Örnefnaskrá Bakkasels, bls. 1-2.

6. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þingeyjarsýsla. Ellefta. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1988.

Bjarni F. Einarsson (2018). Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3, loftlínu eða jarðstrengs frá Hólasandi að Akureyri. Fornleifafræðistofan.

Guðrún Alda Gísladóttir. (2002). Menningarminjar í Hálshreppi, Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Jón Sigurðsson frá Yztafelli: (1954). Lýsing Þingeyjarsýslu II. Suður-Þingeyjarsýsla. Ritsafn Þingeyinga II. Reykjavík. Helgafell.

Landamerki jarðarinnar Bakka í Hálshreppi. Landamerkjabók Þingeyjarsýslu [1883-1890]. Þjóðskjalasafn Íslands.

Landamerki jarðarinnar Bakkasels í Hálshreppi. Landamerkjabók Þingeyjarsýslu [1883-1890]. Þjóðskjalasafn Íslands.

Landmælingar Íslands. Loftmyndasafn. Svæði nr:73 – Tunguöxl - Vaglaskógur. Tökudagur: 1954-08-22. Sótt af <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn> Skoðað 30.03.2025.

Landmælingar Íslands. Loftmyndasjá. Sótt af <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=loftmyndasja> Skoðað 03.03.2025.

Landmælingar Íslands – Örnefnasjá. Sótt af <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>. Skoðað 06.02.2025.

Loftmyndir ehf (tímaflakk) - MAP.IS Sótt af <https://www.map.is/base/@540474,576842,z12,0> Skoðað 21.05.2025.

Heimildarmenn:

Hermann Róbert Herbertsson, 1945, Fjósatunga. Þingeyjarsveit.

Túnakort:

Uppdráttur af túni á Bakkaseli í Hálshreppi í Suður-Þíngeyjarsýslu. Mælt og teiknað af Kristjáni Jónssyni, Nesi. Prentsmiðja Odds Björnsonar, 1918. Akureyri.

Uppdráttur af túni á Belgsá í Hálshreppi í Suður-Þíngeyjarsýslu. Mælt og teiknað af Kristjáni Jónssyni, Nesi. Prentsmiðja Odds Björnsonar, 1918. Akureyri.

Örnefnaskrár:

Bakkasel. Hálshreppur. Suður-Þíngeyjarsýsla. Ari Gíslason skráði. Samlesið J.H. Örnefnastofnun.

Bakkasel. Bjarni Benediktsson frá Bakka. Örnefnastofnun.

Belgsá. Hálshreppur. Suður-Þíngeyjarsýsla. Ari Gíslason skráði. Samlesið J.H. Örnefnastofnun.